

Sp. 239. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Stefán Benediktsson,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að löggjöf um bann við geymslu og notkun á hvers konar kjarnorkuvopnum hér á landi, jafnt á tímum friðar sem ófriðar. Bannið nái einnig til siglinga með kjarnorkuvopn, flutninga í lofti eða á annan hátt um eða yfir íslenskt yfirráðasvæði.

Í samræmi við ófrávikjanlega yfirlýsingu Alþingis um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á Íslandi verði aldrei staðsettar í landinu hersveitir sem sérþjálfaðar eru í meðferð kjarnorkuvopna, né heldur neinum þeim búnaði fyrir komið sem nauðsynlegur er fyrir notkun þeirra.

Kveðið verði sérstaklega á um að eftirlit af Íslands hálfu með framkvæmd laganna verði tryggt.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar um bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði hefur þrisvar sinnum áður verið flutt á hinu háa Alþingi. Á 97. löggjafarþingi var fyrsti flm. þáv. þingmaður Alþýðubandalagsins, Svava Jakobsdóttir, og meðflm. hennar Magnús Torfi Ólafsson. Á 100. löggjafarþingi flutti Svava Jakobsdóttir tillöguna ein og á 102. löggjafarþingi fluttu Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Karvel Pálmason, Guðmundur Bjarnason og Geir Gunnarsson samhljóða tillögu, en engin þessara tillagna varð útrædd.

Í greinargerð með tillögunni sagði svo:

„Enda þótt skoðanir séu skiptar um veru erlends herliðs í landinu geta allir Íslendingar án efa verið sammála um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Þarf engum getum að því að leiða hversu mikil hættu og ógnun við öryggi landsmanna slík vopn eru, og þá ekki síst í námunda við mesta þéttbýlissvæði landsins.“

Við umræður um tillöguna á 100. löggjafarþingi lýstu Páll Pétursson og Einar Ágústsson stuðningi við tillöguna.

Það er ástæða til að undrast að þessar tillögur skyldu ekki verða útræddar og hljóta

samþykki þar sem afstaða Íslendinga var þegar mótuð árið 1951 með yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands þegar varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna var gerður. Þar segir:

„Aðilar samningsins eru sammála um að ætlunin er ekki að koma hér upp mannvirkjum til árásar á aðra heldur eingöngu til varnar.“

Túlkun Hermanns Jónassonar forsætisráðherra á þessari afstöðu árið 1958 er á þessa leið:

„Þessi afstaða leiðir eðlilega til þess að hér verða ekki leyfðar stöðvar fyrir önnur vopn en þau sem Íslendingar telja nauðsynleg landi sínu til varnar. Um kjarnorku- eða eldflaugastöðvar á Íslandi hefur aldrei verið rætt og engin ósk komið fram um slíkt.“

Allt frá yfirlýsingu Guðmundar Í. Guðmundssonar á Alþingi árið 1964 hafa allir utanríkisráðherrar, sem á eftir hafa komið, gefið yfirlýsingar um að hér á landi væru ekki kjarnorkuvopn og engin slík heimild yrði veitt. Árið 1968 sagði Emil Jónsson utanríkisráðherra á Alþingi að fullur skilningur væri á því milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna að hér yrðu ekki neins konar kjarnorkuvopn. Einar Ágústsson utanríkisráðherra fullyrta á Alþingi árið 1976 að öruggt væri að hér á landi væru ekki geymd nein kjarnorkuvopn og hið sama sagði Benedikt Gröndal utanríkisráðherra á Alþingi árið 1979. Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra gaf einnig afdráttarlausar yfirlýsingar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda um að hér væru ekki geymd kjarnorkuvopn.

Í umræðum á Alþingi árið 1981 um fyrirspurn frá Ólafi Ragnari Grímssyni um afstöðu Íslands til ákvörðunar um endurnýjun skammtdrægra kjarnorkuvopna í Evrópu las utanríkisráðherra upp yfirlýsingu fulltrúa Íslands á fundi Atlantshafsbandalagsins í desember 1979 þegar ákvörðunin var tekin. Þar segir:

„Af þessu tilefni vil ég einnig minna á það að núverandi utanríkisráðherra og fyrirrennarar hans hafa oft undirstrikað: Eitt grundvallaratriði varnarmálastefnu Íslands er að þar verði ekki staðsett kjarnavopn. Ég tel óhugsandi að frá þessu grundvallaratriði verði horfið í fyrirsjáanlegri framtíð.“ Í júní 1980 var haldinn fundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Ankara í Tyrklandi. Þann fund sat Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra og þar sagði hann að eitt grundvallaratriði íslenskrar utanríkismálastefnu væri að engin kjarnorkuvopn væru staðsett í landinu og engin íslensk ríkisstjórn mundi falla frá þeirri stefnu.

Nokkru seinna lagði Ólafur Ragnar Grímsson fram fyrirspurn á Alþingi um aðild Íslands að kjarnorkuvopnalausni svæði á Norðurlöndum. Hann spurði meðal annars utanríkisráðherra hvort skuldbindingar Íslands gagnvart NATO hindruðu á nokkurn hátt að Ísland yrði hluti af kjarnorkuvopnalausni svæði á Norðurlöndum. Utanríkisráðherra neitaði því afdráttarlaust. Hann var einnig spurður hvort sú skoðun ætti rétt á sér sem komið hefði fram á Norðurlöndum að hernaðartengsl Íslands og Bandaríkjanna kæmu í veg fyrir aðild að kjarnorkuvopnalausni svæði á Norðurlöndum. Ólafur Jóhannesson taldi þessa skoðun „algera firru“.

Núverandi utanríkisráðherra hefur einnig margsagt að hér á landi væru ekki kjarnorkuvopn og vilji stjórnvalda í því efni væri afdráttarlaust.

Í ljósi þeirrar afdráttarlausni stefnu íslenskra stjórnvalda, að bandaríska herstöðin skuli vera varnarstöð og að ekki komi til greina að leyfa kjarnorkuvopn á íslenskrum grund, verður að telja að þrjár fullyrðingar erlendra sérfræðinga um þessi mál gefi tilefni til alvarlegra íhugana og kannana á afstöðu Íslendinga gagnvart umsvifum Bandaríkjamanna hér á landi, en þessar fullyrðingar eru:

1. Að forseti Bandaríkjanna hafi veitt sérstaka heimild til að láta flytja kjarnavopn umsvifalaust til Íslands ef stýrjöld skellur á.
2. Að bandaríska herstöðin á Keflavíkurflugvelli sé búin sérstökum útbúnaði og sérþjálfaðum mannafla til að taka við kjarnavopnum.
3. Að breytt hernaðarstefna Bandaríkjamanna og nýir hernaðarmöguleikar hafi fært varnarlínu þeirra á Norður-Atlantshafi, sem áður lá um Ísland, lengra til norðurs og stöðin á Íslandi sé nú skilgreind sem árásarstöð en ekki varnarstöð.

Til þess að taka af öll tvímæli um afstöðu íslenskra stjórnvalda til geymslu og meðferðar kjarnorkuvopna hér á landi telja flm. tímabært að fyrir liggí ótvíræð yfirlýsing Alþingis um að á Íslandi verði aldrei geymd eða notuð neins konar kjarnorkuvopn, enginn búnaður þeim tengdur verði settur upp hér á landi né sérþjálfað lið í meðferð kjarnorkuvopna staðsett á Íslandi.

Slík yfirlýsing væri í fullu samræmi við vilja yfir 85% þjóðarinnar eins og fram kom í könnun sem gerð var nýlega og birt á vegum Öryggismálanefndar.